



# TÓMSTUNDA- OG FÉLAGSMÁLAFRÆÐI



# Viltu starfa á sviði tómsunda og félagsmála?

Tómsunda- og félagsmálafræði er ung fræðigrein hérlendis en í örum vexti. Verkefni á þessum mikilvæga vettvangi samfélagsins eru ærin og þörf á auknum rannsóknum og vel menntuðu fagfólki. Námið veitir sérþekkingu til starfa á sviði tómsunda- og félagsmála. Nemendur læra um gildi, þýðingu og hlutverk tómsunda í nútímasamfélagi og kynnast menningar- og uppeldishlutverki tómsundastarfs.

---

## BA-nám

---

Tómsunda- og félagsmálafræði til BA-gráðu er 180 eininga fræðilegt og starfstengt nám. Meðal kennslugreina eru tómsunda- og félagsmálafræði, sálfræði, félagsfræði, siðfræði, stjórnan og viðburðastjórnan. Lögð er áhersla á að nemendur verði færir um að stjórna, skipuleggja, framkvæma og meta félags- og tómsundastarf.

Sérfræðiþekking tómsunda- og félagsmálafræðinga felst m.a. í að leiða saman fólk á öllum aldri, stuðla að félagslegum þroska og félagslegri hæfni með fjölbreyttum viðfangsefnum og skapa jákvæðar og góðar forsendur fyrir samskiptum. Drifkraftur tómsunda- og félagsmálafræði felst í tiltrúnni á manneskjuna og gildi samverunnar. Hin faglega þekking tómsunda- og félagsmálafræðings liggur einnig í að skilja ákveðna hegðun og styrkja einstaklinga með því að leiðbeina um samskipti og hvernig leitast á við að lifa í sátt við umhverfi sitt. Nemendum sem lokið hafa BA-prófi í tómsunda- og félagsmálafræði gefst kostur á meistaranámi til M.Ed.-gráðu í tómsunda- og félagsmálafræði. Að auki eru möguleikar á meistaranámi í skyldum greinum.





### Tinna Heimisdóttir nemi á 3. ári

Nám í tómstunda- og félagsmálafræði hefur veitt mér skilning og þekkingu á mikilvægi tómstunda fyrir alla aldurshópa og gefið mér innsýn í stóran heim frítímans. Í náminu lærum við m.a. um félagslegan þroska, samskipti og stjórnun viðburða. Ég mæli með náminu fyrir alla sem vilja starfa með fólki og eru áhugasamir um mannleg samskipti.



---

## Meistaránám

---

Markmið M.Ed.-náms í tómstunda- og félagsmálafræði er að nemendur öðlist grundvallarskilning á fræðasviðinu og skilning á stofnunum og samtökum í velferðarkerfinu sem hafa með starfsemi í frítímanum að gera. Nemendur fá jafnframt tækifæri til að efla hæfni sína sem framsækni stjórnendur á tímum hraðfara breytinga.

Lögð er áhersla á að nemendur öðlist færni í helstu rannsóknaraðferðum á sviði tómstunda- og félagsmálafræða, þekki hugtök og siðareglur sem þeim tengjast og þeim rannsóknarstefnum sem móta slíkar rannsóknir. Miðað er við að þeir sem teknir eru inn í meistaránám hafi lokið grunnnámi með fyrstu einkunn.

---

## Starfsvettvangur

---

Þekking tómstunda- og félagsmálafræðinga er þverfagleg og því nýtast starfskraftar þeirra mjög víða. Starfsvettvangur er afar fjölbreyttur, s.s. félagsmiðstöðvar, frístundaheimili, íþróttafélög, grunnskólar, leikskólar, félagsamtök, þjónustumiðstöðvar aldraðra, skrifstofur íþrótt- og tómstundamála, velferðarsamtök, meðferðarheimili, forvarnarstarfsemi og safnaðarstarf.

Nánari upplýsingar á [www.mennta.hi.is](http://www.mennta.hi.is)

## MENNTAVÍSINDASVIÐ

Menntavísindasvið menntar kennara fyrir öll skólastig, uppeldis- og menntunarfræðinga, íþróttta- og heilsufræðinga, tómstunda- og félagsmálafræðinga og þroskaþjálfara. Við Menntavísindasvið er litið á nemendur sem samstarfsfólk og lögð áhersla á samvinnu og góð tengsl milli nemenda og kennara. Einkunnarorð sviðsins eru **Alúð við fólk og fræði**.

Á Menntavísindasviði eru þrjár deildir:

**Íþróttta-, tómstunda- og þroskaþjálfadeild**

**Kennaradeild**

**Uppeldis- og menntunarfræðideild**

### Tengsl við starfsvettvang

Lögð er rík áhersla á tengsl við væntanlegan starfsvettvang og nemendur fara í starfsþjálfun í skólum og öðrum stofnunum samfélagsins. Nám á Menntavísindasviði er ýmist staðbundið, fjarnám eða sveigjanlegt.

### Umsóknir og inntökuskilyrði

Sótt er rafrænt um nám á [www.hi.is](http://www.hi.is). Umsækjendur um grunnám þurfa að hafa lokið stúdentsprófi eða ígildi stúdentsprófs. Umsækjendur um meistaranám þurfa að hafa lokið grunnnámi með fyrstu einkunn.

Menntavísindasvið hefur aðsetur í Stakkahlíð, Skipholti og Bolholti í Reykjavík og á Laugarvatni.



## HÁSKÓLI ÍSLANDS MENNTAVÍSINDASVIÐ

Stakkahlíð  
105 Reykjavík

Sími 525 5950

[menntavisindasvid@hi.is](mailto:menntavisindasvid@hi.is)  
[www.mennta.hi.is](http://www.mennta.hi.is)